

5. fundur stjórnar DKG - á Skype 11. júní 2014

Kl. 18:00

Mættar: Guðbjörg, Kristrún, Marsibil, Sigríður Ragnarsdóttir Sigríður Ragna og Þorgerður.

Dagskrá fundarins:

1. *Liður:* Styrkveitingar. Þrjár félagskonur hafa sótt um styrk vegna ferðar til Indianapolis. Skoða þarf upphæð styrksins og eins hvort konur fái styrki annars staðar frá fyrir sömu ferðir. Samþykkt að styrkja þær allar. Guðbjörg telur fjárhagsstöðuna þokkalega og að við ættum að ráða við styrk upp á 40.000 kr. á hverja. Fundarkonur voru sammála um að mikilvægt sé að veita svona styrki og það þurfi að vera upphæð sem munar um. Þetta eru andlit okkar út á við. Guðbjörg ræðir við gjaldkera hvort við höfum efni á þessari upphæð.
2. *Liður:* Fyrirlesari á þingið næsta vor. Við höfum fengið fyrirlesara, fengum þá sem við báðum um. Hún heitir Tamyra Burnett - DiFruscio og var skráð fyrir fyrirlestri sem hún kallar „Heightening student achievement through music“. Guðbjörg lætur menntanefndina vita. Þingið næsta vor verður á höfuðborgarsvæðinu skv. samþykkt frá síðasta framkvæmdaráðsfundi. Framkvæmdaráðið ákveður hvaða deild sér um það, eins er hægt að skipa nefnd til þess að sögn Sigríðar Rögnu. Þetta verður rætt á framkvæmdaráðsfundinum í haust.
3. *Liður:* Umsóknir um þátttöku í erlendum nefndum. Forseta hafa borist upplýsingar um fimm konur sem sóttu um að fara í erlendar nefndir. Við fáum að vita í vetur hverjar fá embætti. Þær sem sóttu um eru Guðný Helgadóttir og Ingibjörg Jónasdóttir báðar í Gammadeild. Dagbjört Ásgeirsdóttir Mýdeild. Sigríður Ragna Sigurðardóttir Alfadeild og Auður Torfadóttir Etadeild.
4. *Liður:* Félaganefnd (Handbókin). Guðbjörg heimsótti félaganefndina. Félagatalið er uppfært árlega. Handbókina á eftir að vinna upp, það eru aðallega tenglar sem þarf að virkja. Rætt aðeins um sjöttu greinina í handbókinni þar sem talað er um hvað deildir eigi að geyma og hve lengi. Ákveðið að ræða það betur á framkvæmdaráðsfundi í haust.
5. *Liður:* Framkvæmdaráðsfundur haustið 2014. Guðbjörg athugar með fundarstað. Öðruvísi dagskrá þarf að vera þá vegna nýrra formanna, t.d. í námskeiðsformi, gætu orðið meiri umsvif. Hannesarholt nefnt sem staður, Marsibil kannar það og Guðbjörg athugar þjóðmenningarhúsið. Verðum í sambandi um þetta ef okkur dettur eitthvað í hug.
6. september var ákveðinn fyrir framkvæmdaráðsfund. Guðbjörg sendir póst um þetta þannig að nýir formenn viti af þessu. Stjórnarkonur hugsuðu hvað það er sem formenn þurfa námskeið í og hvaða upplýsingar þær þurfa. Fundarsköp, kynning á DKG, nefndum innan þess og erlendu nefndunum.
6. *Liður:* Starf vetrarins. Frestað til fyrsta fundar í haust. Stefnt á að hittast í ágúst. Skype fundur í ágúst.
7. *Liður:* Önnur mál. Fundargerðir stjórnar á vefnum. Af og til í vetur hefur verið rætt hvort setja ætti fundargerðir landsambandsstjórna á vefinn en ekki hefur verið regla á því. Ákveðið að ræða þetta á framkvæmdaráðsfundinum í haust og skoða þá um leið hvort setja þurfi einhverjar reglur um form á fundargerðum, þetta gæti líka átt við fundargerðir deilda. Rætt um að formenn deilda sjái til þess að fundargerðir séu vel gerðar þannig að hægt sé að setja þær á vefinn.

Fundi lauk kl. 18:40

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir